



# Úthlutaðir styrkir

## UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS vorúthlutun 2024



[www.sass.is/uppbyggingarsjodur](http://www.sass.is/uppbyggingarsjodur)



@UppbyggingarsjodurSudurlands



@uppbyggingarsjodur



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



## ATVINNUÞRÓUN &amp; NÝSKÖPUN

**Áburðarefni sem miðja hringrásarhagkerfis á Suðurlandi**      **Steinsholt ehf.**      **2.500.000 kr.**

Frumrannsóknir eru framkvæmdar á blöndun, formun, geymslu-og dreifingaröryggis og öryggi áburðarefna sem framleidd eru úr lífrænum úrgangi úr vaxandi laxeldisstarfsemi á Suðurlandi, steinefnaríkum bindandi og þurrkuðum jarðleir úr botni gamla Hagavatns auk fínmöluðum Hekluvikri með mikla ísogseiginleika. Auðlindir og úrgangsstraumar af Suðurlandi nýttir með hringrásarhagkerfi í forrúmi til að auðvelda framgang vöru sem styrkir virðisdeðju matvælaframleiðslu, skógræktar og landgræðslu á Íslandi.

**Undirbúningur markvissrar nýtingar ölduorku við Suðurland**      **Dagný Hauksdóttir**      **2.000.000 kr.**

Haf-Afl hyggst setja upp og reka nýja tækni ölduvirkjana í þeim tilgangi að tryggja samfélögum raforkuöryggi með ábyrgri nýtingu auðlindarinnar, uppbyggingu atvinnulífs og sátt við samfélagið að leiðarljósi. Verði að stórfelldri uppsetningu ölduorkubúnaðar er ljóst að mikil sköpun afleiddra starfa myndast sem leitast verður við að verði í heimabyggð. Á næstu mánuðum verður unnið að staðsetningarvali, hagkvæmnimati og greiningu umhverfisáhrifa vegna uppsetningar ölduvirkjana við Vestmannaeyjar.

**Sálfræðimeðferð með hestum / Equine healing**      **Porkatla Elín Sigurðardóttir**      **1.500.000 kr.**

Sálfræðimeðferð með hestum er nýtt og spennandi meðferðaform sem ekki hefur verið í boði á Íslandi en hefur notið vinsælda erlendis. Flestir sem vita að nálægð við dýr getur haft góð áhrif á líðan sem er nýtt í þessu meðferðarformi. Markmiðið er að markaðsetja og kynna meðferðina fyrir erlendum og innlendum kaupendum og með því gera sálfræðimeðferð með hestum aðgengilega á Íslandi.

**Gæðakerfi fyrir skólastofnanir - Meta Geta**      **Anna Greta Ólafsdóttir**      **1.500.000 kr.**

Markmið Meta Geta er að stuðla að skólaþróun og umbótum í skólastarfi, öllu samfélaginu til heilla. Meta Geta er hugbúnaður og innra mats kerfi fyrir skólastofnanir sem hjálpar skólum að halda utan um og framkvæma lögbundið innra mat.

**Veiðar og rannsóknir á rauðáttu við Suðurströndina**      **Rauðátan ehf.**      **1.500.000 kr.**

Verkefnið snýst um nýja tækni sem sameinar gögn frá gervihnetti og nýrri gerð bergmálsmeila til að leita markvisst að rauðáttu á hafsvæðinu við Vestmannaeyjar. Bergmálstæknin er áhrifarík og ef hún er samþætt í þverfaglegar rannsóknir sem taka mið af vistfræði, haffræði og sjávarútvegi. Samþætting gagna frá bergmálsmeilum, frá gervihnöttum og öðrum haffræðilegum tækjum, er ein þeirra leiða til að auka skilning á vistfræðilegum tengslum tegunda og umhverfis.



## ATVINNUÞRÓUN &amp; NÝSKÖPUN

**Íslensk furutré - eiginleikar og virkni til jurtaalækninga****Katrine ehf.****1.000.000 kr.**

Fura hefur verið vinsæl lækningajurt um aldir. Handtínt í skógum Íslands. Hráefnið er sérvalið, með virðingu fyrir urtaríkinu.

**Evrópustyrkir****MarkMar ehf.****1.000.000 kr.**

Almannaheillafélagið Hringborð sjálfbærniþróunar fta og Markmar ehf hafa tekið saman höndum við að stórefla sóknarárangur sunnlenskra aðila til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Sótt verður um stóra nýsköpunarstyrki til samkeppnissjóða Evrópusamabandsins og tryggt að framlög Íslands til áætlaða Evrópusambandsins skili sér aftur heim til uppbyggingar og þróunarverkefna í heimabyggð.

**Ullarkögglar****Alice Jadwiga Sowa****1.000.000 kr.**

Ullarkögglar is the research and development of an organic fertilizer to support the establishment of a cooperative initiative that will empower sheep farmers financially, reduce waste, and enrich our soils in Iceland. By transforming sheep farmers undervalued waste wool into an organic wool pellet fertilizer and fertilizing regenerative and equitable futures for our farmers, the planet, and supporting Iceland's circular economy.

**Ullarver****Fjallaspuni ehf.****1.000.000 kr.**

Ullarverið mun veita handverksfólki og smáframleiðendum á Suðurlandi aðgang að sjálfbærri og fullkominni þjónustu í ullarvinnslu. Ávinningurinn af Ullarverinu er tvíþættur, það mun skapa ný tækifæri fyrir staðbundna framleiðendur til að þróa og markaðssetja nýjar ullarvörur, ásamt því að stuðla að sjálfbærri þróun með því að draga úr sóun og auka virði hráefnisins. Verkefnið leggur áherslu á að umbreyta ull eins og snoði og sumarull, sem ekki hefur verið nýtt í verðmæti.

**Ræktun burnirótar****Geirmundur Klein****1.000.000 kr.**

Verkefnið kannar fýsileika á ræktun burnirótar sem markaðsafurðar.



## ATVINNUÞRÓUN & NÝSKÖPUN

### Framkvæmd tilrauna með frostþurrkun á sæeyrum

Frostþurrkun ehf.

800.000 kr.

Verkefnið snýst um framkvæmd tilrauna með frostþurrkun á íslenskum sæeyrum (sæsniqlum) í vöruþróunarskyni.

### Veta ástar, sókn á sænskan markað!

Livefood ehf.

800.000 kr.

Markmið verkefnisins er að koma Veta ást salatteningum Livefood, sem er grænkera ostur í teningum í Kimchi olíu, í sölu hjá ICA verslunarkerðjunni í Svíþjóð. Livefood hefur frá stofnun fyrstu grænkera ostaverksmiðju Íslands í Hveragerði stefnt á erlenda markaði og verður Svíþjóð fyrsta landið af mörgum þar sem íslenskir hágæða grænkera ostar Livefood munu fást.

### Dóra á Bergi - hönnun og markaðssetning

Dorothee Katrin Lubecki

800.000 kr.

Dóra á Bergi er vörulína í þróun. Um er að ræða heilsuþætandi vörur úr lífrænum hráefnum - jurta, hunang, bætiefni, sápur, smyrsl. Áhersla er lögð á nýtingu lífrænt vottaðra jurta sem eru að hluta til tindar í náttúrunni eða ræktað sérstaklega á lífrænt vottaðri jörð. Stefnan er að nota það besta hráefni sem hægt er í allri framleiðslunni.

### True Adventure - Frjálst fall

True Adventure ehf.

800.000 kr.

True Adventure ehf. hefur ákveðið að auka við spennandi upplifun í Vík. Með því að setja upp frjálst fall við fyrirhugaðan útsýnispall í Reynisfjalli, býður fyrirtækið gestum sínum enn eitt einstakt tækifæri til að upplifa skemmtun á nýjan og spennandi hátt, utandyra og í náttúrulegu umhverfi. Frjálst fall er góð skemmt sem vekur ævintýraþorsta, gleði og spennu. Með þessari nýju viðbót vinnur True Adventure ehf. að markmiðum sínu um að vera leiðandi í ævintýraupplifunum í Vík og nágrenni.

### Öskuský

Holly Louise Keyser

600.000 kr.

Öskuský is here to erase the line between him/her/they/them within the cosmetics industry. A range designed to reduce over consumerism by combining cosmetics and by encouraging households to share their cosmetics rather than have individual pieces. A range that inspires people consume with a more considered approach. A range with a focus on cruelty free, natural & organic ingredients. Öskuský, designed to simplify things for the better.

### Saltey - næstu skref

eySalt ehf.

500.000 kr.

Saltey ætlar að koma sér á vörumarkað á Suðurlandi og tryggja sinn stað þar. Við ætlum að auka vöruúrval okkar og nýta styrkinn í vöruþróun með hráefnum sem vaxa villt í Vestmannaeyjum.

**MENNING****Sumartónleikar í Skálholti 2024****Sumartónleikar Skálholtskirkju****1.000.000 kr.**

Sumartónleikarnir í Skálholti verða haldnir í 49 skipti á þessu sumri. Margir frábærir listamenn koma fram á hátíðinni, og þar ber helst að nefna Arnheiði Eiríksdóttur, Báru Gísladóttur, Barrokkbandið Brák, Kordó kvartettinn, Benedikt Kristjánsson og Sergey Malov. Einnig vera fjölmörg ný verkefni fyrir börn og fjölskyldur, kantötumessur og útgáfutónleikar á hátíðinni.

**Skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2024****Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ehf.****1.000.000 kr.**

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur tónleika fyrir nemendur í öllum 14 grunnskólum Árnassýslu og Rangárvallasýslu undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Meginverk tónleikanna er tónlistarævintýrið Pétur og úlfurinn eftir P. I. Tjækofskí. Sögumaður er Felix Bergsson.

**Þrístökk, viðburðadagskrá****Eva Bjarnadóttir****800.000 kr.**

Þrístökk er þrjúþætt viðburðadagskrá á Fagurhólsmýri. Það miðar að því að efla menningarlíf í Öræfum, hreyfa við fólk á óvæntan máta, færa menningu og nútímalistir nær íbúum - einstaklingum, fjölskyldufólki og starfsfólki á svæðinu og skapa tækifæri fyrir listamenn til þess að heimsækja svæðið.

**Jóhanna af Örk (seinni hluti)****Hlynur Pálmason****800.000 kr.**

JÓHANNA AF ÖRK er leikin íslensk stuttmynd.

**Sýningin Undirliggjandi minni í félagsheimilinu  
Félagslundi****Ólafur Sveinn Gíslason****700.000 kr.**

Opinber sýning á kvikmyndaverkinu Undirliggjandi minni í félagsheimilinu Félagslundi í Flóahreppi, frá september til október 2024. Verkið fjallar um bernskuminningar fólks sem búsett er á svæðinu. Verkið er leikið kvikmyndaverk sem sett verður upp sem innsetning þar sem þremur samhangandi kvikmyndum er varpað inn í aðskilin rými félagsheimilisins.

**Hringrás, rannsóknarsýning um náttúru og vísindi.****Listasafn Árnesinga****700.000 kr.**

Hringrás er sýning sem opnar 14 september þar sem náttúra og vísindi mætast í listsýningu, málþingi og sérviðburðum sem fara út fyrir veggja safnsins. Unnið er með alþjóðlegum hóp listamanna sem mörg munu vinna að rannsóknnum hér á Suðurlandi.

**Vetrartónar í Stokkseyrarkirkju****Stokkseyrarkirkja****700.000 kr.**

Vetrartónar í Stokkseyrarkirkju er ný tónleikaröð þar sem margt af fremsta tónlistarfólki landsins kemur fram. Tónleikarnir verða fjölbreyttir en sérstök áhersla verður lögð á hinn merka tónlistararf strandarinnar. Listrænn stjórnandi er söngvarinn og þjóðfræðingurinn Eyjólfur Eyjólfsson í Roðgúl á Stokkseyri.



**MENNING****Einkasýning Sigurðar Guðjónssonar****Listasafn Árnesinga****600.000 kr.**

Einkasýning Sigurðar Guðjónssonar sem gerir nýtt listaverk sérstaklega fyrir Listasafn Árnesinga sem opnar 14. september næstkomandi. Sigurður Guðjónsson er einn fremsti listamaður þjóðarinnar um þessar mundir. Árið 2022 sýndi hann fyrir hönd þjóðarinnar á Fenevjartvíæringnum og hefur sýnt út um allan heim metnaðarfull verk sem oft tengjast vísindarannsóknum og rannsóknum á vídeó og hljóðmiðlinum.

**"Hafrót" Oceanus Hafsjór****Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir****600.000 kr.**

"Hafrót", Oceanus Hafsjór, er 3ja alþjóðlega listahátíðin og vinnustofan, sem haldin er á Eyrarbakka á þremur árum og er ætlað að efla menningarstarfsemi á svæðinu og hvetja almenning til samstarfs og láta gott af sér leiða. Um 20 erlendir og innlendir listamenn, dvelja á staðnum í mánuð, skapa verk og frumsýna síðan afraksturinn í lok tímans. Sýningarnar munu fara fram víðs vegar um þorpið á óhefðbundnum stöðum; í skemmum, verkstæðum, geymslum í samvinnu við heimafólk.

**Umhverfing nr 5****Menningarmiðstöð Hornafjarðar****600.000 kr.**

Umhverfing nr5 er ein stærsta samsýning sem haldin hefur verið á Suðausturlandi og gefur bókinn góða innsýn inn í kröftugt menningarlíf svæðisins.

**Kvikmyndagerð á Suðurlandi****Kristín Björk Kristjánsdóttir****500.000 kr.**

Kvikmyndagerð á Suðurlandi styður við og umfaðmar sjálfstæða sköpun nýrra menningarverðmæta á Stokkseyri og býður um leið almenningi upp á innsýn í sköpunarferlið að baki kvikmyndar. Fullunnið verður handrit fyrir "Tökum kaffi" sem er hjartahlý og kómísk, leikin kvikmynd í fullri lengd um sköpunarkraftinn. Ásamt því hlúir verkefnið að forvinnu leikstjóra og undirbúningi fyrir kvikmyndatökur.

**Ullarvika á Suðurlandi 2024****Ullarverslunin Þingborg ehf.****500.000 kr.**

Ullarvika á Suðurlandi verður haldin í þriðja sinn dagana 29. september-5. október 2024. Ullarvikan leiðir saman áhugafólk um sauðfé og afurðir þess og þá sérstaklega ullarinnar. Ullarvikan er haldin í samvinnu margra aðila sem tengjast ullarvinnslu og handverki.

**Gleðistundir að Kvoslæk 2024****Björn Bjarnason****500.000 kr.**

Viðburðir að Kvoslæk hafa í áranna rás áunnið sér vinsældir og viðurkenningar s.s. menningarverðlaun SASS og heimafólks í Fljótshlíð. Þetta ásamt styrkjum frá SASS hefur orðið heimafólki að Kvoslæk hvatning til að halda áfram á markaðri braut sem höfðar til stöðugt fleir gesta bæði úr héraði og utan þess.

**Óskasteinar: Vörður á Tilfinningaveginum.****Ragnheiður Sigurðard. Bjarnarson****500.000 kr.**

Óskasteinar eru vörður á Tilfinningaveginum. Tilfinningavegurinn liggur í gegnum allt Sveitafélag Hornafjarðar eða frá Skeiðará að Hvalnesskriðum. Óskasteinarnir verða sýnilegir sumarið 2024 á víð og dreif um Sveitafélagið Hornafjörð.

**MENNING****Englar og menn - tónlistarhátíð Strandarkirkju 2024****Englar og menn ehf.****500.000 kr.**

Englar og menn - tónlistarhátíð Strandarkirkju 2024 stendur yfir alla sunnudaga í júlímánuði. Fram koma fjölmargir þjóðþekktir tónlistarmenn á um klukkustundarlöngum tónleikum sem hefjast kl. 14. Þema hátíðarinnar er englar og menn, land, náttúra, trú og saga þar sem íslensk þjóðlög, sönglög og dægurlög, ástamt innlendum og erlendum trúarljóðum og klassískum verkum hljóma í flutningi landsþekkra söngvara og hljóðfæraleikara.

**Hátíðartónleikar á Skálholtshátíð 2024****Jón Bjarnason****500.000 kr.**

Hátíðartónleikar þar sem flutt verða glæsileg tónverk. Hæst ber að nefna kantötu nr. 170 eftir Jóhann Sebastian Bach þar sem Sigríður Ósk Kristjánsdóttir syngur einsöngshlutverkið ásamt framúrskarandi hljóðfæraleikum.

**Textílhaut****Menningarmiðstöð Hornafjarðar****500.000 kr.**

Á Svavarssafni er textílhaut. Það hefst með sýningu Eirúnar Sigurðardóttur, Heimtaug og lýkur með sýningu Jónu Imsland, Fjórir veggir. Gestum mun gefast færi á að kynnst mjög ólíkum aðferðum til að vinna list með textíl.

**Dýr, avatar, maskína****Menningarmiðstöð Hornafjarðar****500.000 kr.**

Hvað er vél, hvað er dýr, hvað er manneskja? Í sýningunni Dýr, Avatar, Maskína eru þessar spurningar og fleiri krufðar.

**Skóhljóð dáianna daga****Þórbergssetur****450.000 kr.**

Einkasýningin „Skóhljóð dáianna daga“ opnar í Þórbergssetri í Suðursveit vorið 2024. Eva Schram á í dýalóg við skáldið í Suðursveit, þar sem þau bæði bjuggu þó að nokkrar kynslóðir skilji þau að. Liðinn listamaður kennir þeim lifandi að nota augun öðruvísi og hlýða „á skóhljóð dáianna daga.“

**Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2024****Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ehf.****450.000 kr.**

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands heldur Jólatónleika í Skálholtskirkju 30 nóvember 2024.

Kór Menntaskólans á Laugarvatni kemur fram með hljómsveitinni sem verður skipuð 50 hljóðfæraleikum.

Einsöngvarar á tónleikunum verða Elmar Gilbertsson tenór og Dísella Lárusdóttir sópran.

Hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi tónleikanna er Guðmundur Óli Gunnarsson.

**Lísa í Undralandi****Leikfélag Hornafjarðar****450.000 kr.**

Hornfirskt áhugafólk um leikhússtarf leiðir saman krafta fjölbreyts hóps í að sjóða saman töfrandi heim á leiksviði í Mánagarði. Heim þar sem ungir sem aldnir fá að njóta með það að markmiði að gleðja og veita góðar upplifanir til fólks á öllum aldri.

**MENNING****Á slóðum Tyrkjaránsins****Ragnar Óskarsson****400.000 kr.**

Verkefnið felst í því að gera Tyrkjaráninu í Vestmannaeyjum árið 1627 skil. Farið verður í göngu í Vestmannaeyjum á slóðum ránsins og sagan rakin á nokkrum áningarsstöðum. Boðið verður upp á sérstaka dagskrá innanhúss þar sem ýmislegt efni tengt ráninu verður kynnt. Fyrirlesarar fjalla um nokkra einstaklinga, konur og karla, sem teknir voru sem fangar, hljómlist frá 17. öld flutt og réttir bragðaðir. Heimsókn í Krosskirkju, altaristaflan túlkuð og fjallað um Kláus Eyjólfsson lögréttumann.

**Þjóðhátíð í 150 ár****Byggðasafn Vestmannaeyja****400.000 kr.**

Þjóðhátíð Vestmannaeyja fagnar 150 ára afmæli á þessu ári og í tilefni af því er ætlunin að halda uppá það með menningarviðburði í Safnahúsi. Við viljum jafnframt að gera hátíðinni hátt undir höfði með að uppfæra og nútímavæða sýninguna okkar í rými Sagnheima, byggðasafns. Þjóðhátíðarblöðin fari á timarit.is enda eru þau uppfull af mikilvægum heimildum sem þurfa að vera aðgengileg öllum.

**Magn Tímafars 2024****Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir****400.000 kr.**

Magn tímafars - Power of Passage : An International Performance Festival er árlegur vettvangur fyrir gjörninga og tímatengda myndlist sem hleypt var af stokkunum í september 2022 og mun hér eftir fara fram um síðustu helgi júnímánaðar ár hvert. Hátíðinni er ætlað að vera hreyfiafl innan innlendrar og alþjóðlegrar myndlistarsenu sem hvetur til sköpunar og miðlunar á framsækinni myndlist; er í senn uppspretta nýrra verka og óvæntra tilrauna af hálfu innlendra og erlendra listamanna í fremstu röð.

**Norræn vinátta****Guðný Charlotta Harðardóttir****400.000 kr.**

Norræn vinátta er verkefni sem kynnir norræna tónlist, frá öllum Norðurlöndunum. Um leið er sagt frá sögu laganna og þætti hvers lands fyrir sig í uppbyggingu samfélagsins í Vestmannaeyjum eftir gosið árið 1973. Flytjendur eru Cecilie Bang Jensen söngur, Guðný Charlotta Harðardóttir píanó og Kristín Jóhannsdóttir sagnfræðingur.

**Vinnustofa blinda mannsins****Yfirbragð ehf****400.000 kr.**

Samtal um vináttu, kærleika og samkennd í samfélaginu sem er á sama tíma æfing í skapandi skrifum þar sem hugsunin er bundið í hið sérstaka ljóðaform sjónprófa. Samtalið fer fram á vinnustofum leiddum af Svavari Guðmundssyni sem hefur þróað þetta tjáningarform og munu þátttakendur læra að búa til og tjá sig í gegnum sjónprófarformið. Verkefninu lýkur með sýningu á verkum og samtalið heldur áfram.

**“Bakkadrottningin”- menningardagskrá í tali og tónum****Elín Gunnlaugsdóttir****400.000 kr.**

“Bakkadrottningin” Menningardagskrá í tali og tónum á Eyrarbakka 10. - 12. október 2024. Kvikmyndasýning, kvöldvökur í heimahúsum, samsöngur úr Fjálögnum, tónleikar Húsinu og hátíðartónleikar í kirkjunni. Flytjendur: Söngfjelaði ásamt gestum. Stjórnandi Hilmar Örn Agnarsson. Frumflutt ný tónverk eftir Elínu Gunnlaugsdóttur.



**Undurfagrir fiðlutónar****Fiðlufjör slf.****400.000 kr.**

Undurfagrir fiðlutónar er verkefni á vegum Fiðlufjör þar sem stofnandinn Chrissie Telma Guðmundsdóttir mun halda einleikstónleika ásamt píanóleikara. Verkefnið felst í því að óska eftir umsóknum framhaldsnemanda til að skipuleggja tónleikana í samstarfi við Chrissie, fiðlukennara nemandans og píanóleikarans. Að lokum verða haldnir þrennir tónleikar á Suðurlandi. Chrissie, framhaldsnemandinn og píanóleikarinn leika metnaðarfulla efnisskrá að kostnaðarlausu fyrir Sunnlendinga og alla landsmenn.

**Suðurlandsdjazz****Sigurgeir Skafti Flosason****400.000 kr.**

Boðið er uppá ókeypis djazztónleika á heimsmælikvarða fyrir alla fjölskylduna.

**Torfdagurinn****Hannes Rúnar O Lárusson****350.000 kr.**

Torfdagurinn er hugsaður sem árleg hátíð og samráðsvettvangur áhugafólks um aldagamla íslenska hleðslutækni og byggingararf, vettvangur til að kveikja áhuga og nýsköpun á þessu svið; - sem hefiur óþrjótandi möguleika. Torfdagurinn er komin til að vera sem hluti af starfsemi Hleðsluskólans í Austur Meðalholtum hefur staðið fyrir násmkeiðum og vinnustofum um hleðslutækni fyrir áhugafólk af öllum aldri í meira en tvo áratugi.

**Listfélag Laugardals****Heiða Gehringer****350.000 kr.**

Listfélag Laugardals mun fá til sín ólíka listamenn til að halda fjögur opin listnámskeið árið 2024. Lokaafurð verkefnisins er samsýning í Bláskógabyggð, sem haldin verður á árinu. Samsýningin mun endurspeglar þá vinnu sem hlýst af námskeiðunum og fjölbreytni þeirra aðila sem að námskeiðunum koma.

**Haustgildi uppskeruhátíð****Pétur Már Guðmundsson****350.000 kr.**

Haustgildi - menning er matarkista er upplifun í rauntíma. Mun meira en ævintýri eða draumur heldur upplifun á þeim tögum sem er að finna í kyrrðinni við ströndina í Sveitarfélaginu Árborg. Sem þessa fyrstu helgi í september býður til fjölskylduvænnar uppskeruhátíðar listviðburða og framleiðslu hverskonar.

**Kórtónlist Stefáns Þorleifssonar****Stefán Þorleifsson****350.000 kr.**

Ný kórlög eftir Stefán Þorleifsson flutt af kór (Sunnlenskar raddir) og einsöngvara (Halla Marinósdóttir) á þrennum tónleikum á Suðurlandi. Fjölbreytni í ljóðavali og tónmáli. Samtímaljóð færð í tónmál.

**Ópera fyrir leikskólabörn - seinni hluti****Alexandra Chernyshova****350.000 kr.**

Verkefni heitir "Ópera fyrir leikskólabörn". Markmið: opna töfrahurð óperunnar fyrir leikskólabörn á Suðurlandi og kynna fyrir leikskólabörn óperutónlist. Flytjendur eru: Alexandra Chernyshova - sópran og tónskáld og Jón Svavar Jósefsson - barítón og hljóðmaður. Lýsing á verkefni: skemmtileg 20 min. óperuleiksýning "Ópera fyrir leikskólabörn". Farið verður í ævintýriaheim óperunnar, leikskólabörn fá að dansa, syngja með, hlusta á óperutónlist úr óperuballett "Ævintýrið um norðurljósin".

**Fjallferðir í Árnassýslu****Héraðsskjalasafn Árneseinga****350.000 kr.**

Héraðsskjalasafn Árneseinga ætlar að útbúa sýningu um fjallferðir og afréttarmál í Árnassýslu. Sýningin mun verða samsett úr textaspjöldum sem verða ríkulega skreytt ljósmyndum og munum tengdum efninu. Á sýningunni verður m.a. fjallað um upphaf fjallskila, afrétti sýslunnar, fjallferðir og aðbúnað í þeim í gegnum tíðina, landnýtingu og framtíðarhorfur. Sýningin mun opna í Kartöflugeymslunni á Selfossi og ferðast svo um sýsluna haustið 2024.

**Tískusýning hönnuða í Ullarviku á Suðurlandi 29-9/5-10 '24****Kristbjörg Hilmarsdóttir****350.000 kr.**

Verkefnið miðar að því að auka sköpunargleði hönnuða og annarra einstaklinga í samfélaginu.

Við aukum með því möguleika á nýtingu á sunnlensku úrvals hráefni í ullarhönnun.

Verkefnið er umfangsmikið og styður enn frekar við áhuga innlendra og erlendra gesta á Ullarviku á Suðurlandi.

Frá fé í flík, hönnun slík, því ær er rík af ull, gull er hún valin.

**Sumar listasmiðjur á Listasafni Árneseinga 2024****Listasafn Árneseinga****300.000 kr.**

Listasafn Árneseinga býður upp á Listasmiðjur í sumar - ókeypis fyrir börn og unglunga. Þær verða fimm talsins, fyrsta smiðjan er Flugdrekasmiðja sem Arite Fricke leiðir, önnur smiðjan er teiknismiðja / teiknað á lauf, Gígja Reynisdóttir leiðir hana, þriðju draumasmiðjunni stýrir Erla Haraldsdóttir, fjórða miðjan er sögusmiðja stýrt af Elínu Elísabetu og fimmta smiðjan verður Manga smiðja leidd af Degi Péturssyni Pinos og mun vera sérstaklega fyrir unglunga.

**Saga og súpa****Vestmannaeyjabær****300.000 kr**

Saga og súpa hefur fest sig í sessi í Vestmannaeyjum sem vettvangur fjölbreyttra dagskráa þar sem fjallað er um hina ýmsu þætti menningararfs Vestmannaeyja.

Viðburðir í Sögu og súpu eru jafnan afar vel sóttir og reynt er að gæta þess vandlega að bjóða upp á efni sem hæfi sem flestum.

**Listasmiðja fyrir börn og ungmenni****Guðfinna Þorvaldsdóttir****300.000 kr.**

Listasmiðja á Selfossi fyrir börn og ungmenni, áhersla á umhverfisvitund í efnisvali.

**Rætur - vinnutitill****Sonja Margrét Ólafsdóttir****300.000 kr.**

Ljósmyndaverk þar sem líf og tilvera í Hrunamannahrepp er viðfangsefnið.

**Skapandi vinnusmiðjur fyrir börn á Höfn****Ragnheiður Sigurðard. Bjarnarson****300.000 kr.**

Skapandi vinnusmiður fyrir börn á aldrinum 10 - 18 ára þar sem ýmsar aðferðafræði er notaðar til listsköpunar.

Listafólk sem er nú þegar á svæðinu í öðrum verkefnum stýra vinnusmiðjunum.

**Selló á ferð um Suðurland****Unna Björg Ögmundsdóttir****300.000 kr.**

Selló á ferð um Suðurland er einstakt verkefni sem felur í sér tvenna tónleika á Suðurlandi þar sem flutt verða einleiksverk á selló. Hlustendur fá tækifæri til að kynnast ólíkum hljómi hljóðfærisins og tónlist sem þeir hafa mögulega aldrei heyrt áður.



## MENNING

**Krakkaklúbburinn Kóbra á ferð og flugi****Hanna Dís Whitehead****300.000 kr.**

Listasmiðjur og námskeið á vegum Krakkaklúbbsins Kóbra á Hornafirði.

**Moðyrma - Álfagenesis, Myndlistarsýning í Skálholti****Arngrímur Jón Sigurðsson****300.000 kr.**

Moðyrma-Álfagenesis er myndlistarsýning Arngríms Sigurðssonar í Skálholti. Á sýningunni verða til sýnis ný olíumálverk og höggmyndir sem listamaðurinn hefur unnið að síðustu misseri vinnustofu sinni í Grímsnesi.

Viðfangsefni sýningarinnar eru þær vættir og hulduverur sem einkenna suðurlandið og hjátrú sunnlendinga og verður þeim búinn staður í nokkurskonar Duldýrasafni eða Þjóðtrúarkapellu.

**Hveragerði í máli og myndum-fyrr og nú****Félag eldri borgara Hveragerði****250.000 kr.**

Í nóvember 2024 verður sett upp ljósmyndasýning í Bókasafninum í Hveragerði. Ljósmyndahópurinn HVER, sem í eru félagar úr FEBH stendur fyrir sýningunni. Sýningin heitir: Hveragerði í máli og myndum-fyrr og nú. Hver félagi velur tvær gamlar myndir frá árunum 1940-60 og tekur svo aðra mynd af svipuðum aðstæðum í dag út frá sinni eigin túlkun.

**Hornreka****Eyrún Axelsdóttir****250.000 kr.**

Markmið Hornreka er að bjóða upp á tækifæri til listsköpunar hverskonar í Sveitarfélaginu Hornafjörður fyrir alla sem búa og starfa innan sveitarfélagsins óháð aldri, uppruna, þekkingar og reynslu. Myndlistarnámskeið er fyrsta skrefið í átt að þeim markmiðum. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun á neimskeiðunum sem hvetur nemendur til að útfæra og þróa sínar hugmyndir út frá áhugasviði þeirra.

**Upphaf barnakennslu á Selfossi 2. hluti****Björn Ingi Gíslason****200.000 kr.**

Verkefnið fjallar um þróun í lesrarkennslu, skrift og reikningi á liðnum öldum, þar til fræðlög komu um 1907 og fræðsla var á höndum sveitarfélaga. Í fyrstu með farskólum en síðar með skólum með föstum kennurum. Rakin er saga skólabygginga á Selfossi og tekin eru viðtöl við unga kennara sem settust að á Selfossi um miðja síðustu öld.

**Einstakir tónleikar þar sem verða flutt frumsamin lög****Amylee Vitoria Da Silva Trindade****200.000 kr.**

Tónleikarhald á Höfn í Hornafirði þar sem verður flutt frumsamin lög

**Brotinn****Tómas Núi Hauksson****200.000 kr.**

Kvikmyndaverkefni skapað af ungu listafólki sem fær tækifæri á að tjá sig út frá sínum sterkustu hæfileikum. Með það markmið að búa til fallega stuttmynd sem stuðlar að fjölbreytni, sjálfbærni og ýmiskonar starfstækifærum. Framtíðin er aðeins eins björt hún getur orðið í núinu, þess vegna er best að fá bragð af sviðsljósinu hið allra fyrst.

**Nashville Nights****Fríða Hansen****200.000 kr.**

Nashville Nights tónleikaröðin verða haldnir á nokkrum stöðum á Suðurlandi í byrjun maí 2024. Tónleikarnir eru einstök upplifun þar sem áhorfendur fá að upplifa nokkra lagahöfunda frá Nashville spila lögin sín og segja söguna á bakvið þau. Að tónleikaröðinni koma einnig systurnar og tónlistarkonurnar Anna og Fríða, sem og ungt og upprennandi tónlistarfólk af Suðurlandi.